

Fundur í skólaráði Glerárskóla mánudaginn 28. nóvember 2022 kl.15.

Mætt: Margrét S. Þorkelsdóttir foreldri, Sveinbjörg Smáradóttir foreldri, Birkir Orri Jónsson nemandi, Hlynur Stefánsson nemandi, Esther G. Gestsdóttir kennari, Kristjana Kristjánsdóttir skólaliði/stuðningsfulltrúi, Rakel Björk Káradóttir námsráðgjafi. Ritari: Helga Halldórsdóttir deildarstjóri.

1. Breyting á skóladagatali Glerárskóla 2022-2023

Starfsfólk Glerárskóla stefnir á vorferð til útlanda vorið 2023. ES kynnir bréf til fræðslu og lýðheilsusvið þar sem Glerárskóli fer fram á að breyta skóladagatlinu í tengslum við þessa ferð (Fylgiskjal 1). Fundarmenn tóku vel í þessa breytingu.

2. Þemadagar, Glerárvision og Litlu jólin

Þemadagar (Harry Potter) voru í nóvember sem tókust mjög vel, allir mjög sáttir og allt gekk vel. Gekk mjög smurt.

Glerárvision er á föstudaginn 2. des.. Vinabekkir hittast í upphafi dags, fyrstu tvo tímána. Söngskemmtunin verður í miðlotunni. Unglingarnir byrja matartímann og fá síðan að fara heim, því næst kemur yngsta stig og miðstig klárar. Betri fata dagur verður þennan dag.

Litlu jólin eru eftir þrjár vikur. Unglingadeildin verður í Rósenborg að kvöldi 19. des. Rútuferðir verða um kvöldið. Hefðbundin jól hjá yngsta og miðstigi þann 20. des.

Alls konar dagar í gangi í desember. Félagsvist, jólafatadagur, náttfatadagur, kakó, útivist o.fl. Margar skemmtilegar hefðir sem við erum að halda í.

3. Staða framkvæmda við skólann

Gengur vel með framkvæmdir við skólann. ES þakkar veðurguðum fyrir hvað hefur gengið vel og jafnframt með keyrslu nemenda í Rósenborg.

Búið að vinna á fullu í álmunni, skipta um þak, grafa út frá álmunni, unnið í skólplögnum og fræsuð gólf.

Aðalmálið að haldið verði áfram með c-álmu í framhaldinu. Spurning hvað pólitíkin gerir.

KK spyr um frístund og framhaldið ef c-álman verður ekki tilbúin. Þá verður frístund í rými kaffistofu og skrifstofa.

MSP spyr um hvort ekki sé hægt að reka frístundina í tengslum við íþróttafélögin, ekkert komið í ljós þar.

4. Nemendastýrð samtöl - ábyrgð nemenda á eigin námi

Í innra mati hefur komið í ljós að nemendur þurfi að taka meiri ábyrgð á eigin námi. Nú stefnir skólinn á að hafa nemendastýrð viðtöl á seinni önninni.

Nemandinn verður þá meðvitaður um hvar hann stendur og þarf að segja

foreldrum frá sínum markmiðum. Nemendur verða sjálfir búnir að skipuleggja samtölin.

5. Önnur mál

ES kynnti nýja fundartöflu. Fyrsti fundur skólaráðs á vorönn '23 verður 16. janúar. Síðan 13. febrúar, 20. mars og síðasti fundurinn verður 8. maí.

SS ræddi jólaföndur foreldrafélagsins sem var á laugardaginn, þangað mættu 103 og gekk nokkuð vel. Nokkur börn komu foreldralaus, sum höfðu ekki færni til að vinna þau verk sem voru í boði. Þarf aðeins að endurskoða t.d. með að hvetja fólk til að mæta, börn verða að koma í umsjón fullorðinna. Ekki öll bekkjarráðin með allt á hreinu þegar þau mættu, skipulagsleysi. Í frágangi var ekki alveg á hreinu að stofan þyrfti að líta út eins og nemendur eiga að koma að henni. Búnar verða til leiðbeiningar/verklag um aðkomu foreldra að þessum atburði, allir viti til hvers er ætlast að þeim. Rætt um aðkomu unglinganna við að aðstoða yngri nemendur.

ES spyr um fund hjá nemendaráði sem var á föstudag. nemendur sögðu að ákveðið hafi verið að hafa náttfatadag, jólafatadag o.fl. ES biður drengina um að sjá til þess að sett verði upp dagskrá fram á vorið með meiri fyrirvara en nú var gert.

MSP biður um að frjálsta nestið sé sama daginn hjá öllum í skólanum.

ES minnir á að Glerárskóli sé hnetulaus skóli.

Foreldrafélagið gaf grill í Rósenborg, þakkað fyrir það enda mikið notað.

[Fylgiskjal 1.](#)

Bréf til Kristínar Jóhannesdóttur, sviðsstjóra Fræðslu- og lýðheilsusviðs, þar sem óskað er eftir breytingu á skóladagatali Glerárskóla 2022-2023.